

6. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu

30.01.2012 kl. 17:30

Mætt voru: Hanna Jónsdóttir, Hafrún Guðmundsdóttir, Margrét Ebba Ísleifsdóttir og Hafdís Bjarnadóttir sem ritaði fundargerð. Bogi Thorarensen boðaði forföll og Skarphéðinn Elvar Skarphéðinsson boðaður í hans stað en hann mætti ekki.

Hanna setti fund kl. 17:30 og bauð nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Staðan í dag.
2. Atvinnumál.
3. Önnur mál.

1. Staðan í dag:

- Símenntunarmiðstöð býður upp á 3 námskeið fyrir fatlaða, 18 ára og eldri: Umræðunámskeið, mósáiknámskeið og myndlistarnámskeið. Námskeiðin ákveðin eftir skoðunarkönnun sem framkvæmd var meðal þessara einstaklinga. Rétt að nefndin sé vakandi með hugmyndir varðandi námskeið.
- Hugmyndabanki kominn upp í sundlauginni og verður hann tæmdur í lok mánaðarins.
- Kominn rekstrargrundvöllur fyrir starfsstöð í Ásbyrgi og ljóst að þar verður rekin sumarþjónusta og í framhaldinu þjónusta á ársgrundvelli.
- Búsetuþjónusta komin í farveg.
- Verið að reyna að fá sundæfingar og/eða sundtíma, beðið eftir svari frá þjálfara.

2. Atvinnumál:

- Starfstöðin í Ásbyrgi; leita til starfsmanna bæjarins um ræktunarland og möguleika á ylrækt á lóðinni.
- Gengur hægt að fá örorkuvinnusamninga. Ræðum mikilvægi þess að störf séu sem fjölbreyttust og sýnileg.

3. Önnur mál:

- Gunnhildur Hafsteinsdóttir, foreldri á Hellissandi situr í stjórn landssamtaka Proskahjálpar, gott fyrir Snæfellsnes. Landsþing þroskahjálpar verður haldið hér 12 - 14 okt. með yfirskriftinni: Fjölskyldan og barnamiðuð þjónusta. Þurfum að velta fyrir okkur hvað við viljum fá út úr þinginu. Einnig þurfum við að vera með kynningu t.d um stöðuna hér eða reynslusögu foreldra. Rætt um að halda fundi á nesinu til að safna saman hugmyndum.
- Á 5. fundi veltum við fyrir okkur atriði í stefnuskrá L listans varðandi að leita eftir samvinnu við Öryrkjabandalagið um fjárfestingu í íbúðarhúsnæði í Stykkishólmi fyrir félagsmenn sína. Hanna greinir frá því að þetta sé ekki framkvæmanlegt nema eyrnamerkja kaupin ákveðnum einstaklingi.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 26/3 2012 kl. 17:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Hanna Jónsdóttir (sign.),

Hafdís Bjarnadóttir (sign.),

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir (sign.),

Margrét Ebba Ísleifsdóttir (sign),